


Upplýsingar

fyrir skólastjóra og kennara um Stöðumat og mat á þekkingu nemenda af erlendum uppruna

Stig 1

Stig 2

Stig 3



Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Markmið Stöðumatsins.	4
Hvað felst í Stöðumati á þekkingu nemenda af erlendum uppruna?.....	6
Hjá hvaða nemendum á að meta þekkingarsvið?	6
Hvenær á að leggja Stöðumatið fyrir?	6
Hvað tekur Stöðumatið langan tíma?	6
Á hvaða tungumáli er Stöðumatið lagt fyrir?	6
Getur Stöðumat komið í stað annars námsmats?	7
Stöðumatið er ferli	9
Skólastjóri ákveður hver leggur matið fyrir.....	9
Viðtalið gengur út frá forsendum og þörfum nemandans	10
Nemendur með sérþarfir.....	10
Mismunandi hlutar Stöðumatsins.....	11
Greining og mat á þekkingu nemandans.....	12
Venjur varðandi skil upplýsinga.....	13
Stöðumat sem grunnur að ákvarðanatöku um íhlutun.....	13
Skólastjórinn tekur ákvörðun innan tveggja mánaða.....	13
Stuðningur fyrir nemendur af erlendum uppruna.....	15
Stöðumat sem grunnur að undirbúningi og kennslu.....	16
Stig 1. Fjöltyngi, reynsla og áhugi – Styrkleikar í námi	16
Stig 2. Læsi og Stig 2. Talnaskilningur.....	16
Stig 3. Námsgreinaþekking nemandans.....	17
Heimildir.....	18

Formáli

Upplýsingar þessar eru fyrir skólastjóra og kennara sem taka á móti nemendum af erlendum uppruna. Hér má finna yfirlit yfirgripsmiklar upplýsingar um Stöðumat á þekkingu nemenda af erlendum uppruna, hvernig það er framkvæmt og hvernig nota má efnið við mat og ákvarðanatöku.

Markmiðið með Stöðumatinu er að styðja við vinnu skólanna varðandi mat á þekkingu nemenda af erlendum uppruna þannig að skólinn geti undirbúið og lagað kennsluna að þörfum nemandans og þekkingargrunni hans.

Mat skóla snýst um að safna upplýsingum um þekkingu nemandans og túlka þær út frá markmiðum matsins. Algengasta form námsmats er að skólinn meti þekkingu nemandans í ólíkum aðstæðum í gegnum skólagöngu hans. Stöðumatið lýsir grunnþekkingu nemandans og liggur til grundvallar skipulagi kennslunnar og einstaklingsíhlutunar. Í efniinu eru hugtökin námsmat (mat) og stöðumat notuð jöfnum höndum.¹

Stöðumat á þekkingu nemandans, aldri og persónulegum aðstæðum veitir skólanum grunn fyrir ákvarðanatöku skólastjóra um hvaða námshópi nemandinn á að tilheyra.

Efnið er ætlað grunnskólum en það er einnig hægt að nota á framhaldsskólastigi.

Stöðumatið skiptist í:

- Stig 1.** Tungumál nemandans og reynslu hans
- Stig 2.** Þekkingu nemandans í læsi og talnaskilningi
- Stig 3.** Þekkingu nemandans í öðrum námsgreinum

Fyrstu tvö stigin eru notuð í byrjunarskimun þegar tekið er á móti nemandanum í grunnskóla. Grunnurinn styður skólastjóra í ákvarðanatöku um námshóp og einnig fyrir kennara til skipulagningar og undirbúnings kennslu.

Þriðja stigið má nota sem stuðning fyrir faggreinakennara til að undirbúa kennslu út frá því hver þekking nemandans er í viðkomandi námsgrein.

Stöðumatið eykur líkur á að nemandinn fái sambærilega eða viðlíka kennslu alls staðar á landinu.² Stöðumatið er forsenda þess að skólinn geti lagað kennslu, stuðning og hvatningu að hverjum og einum nemanda.³

Stöðumatið hefur kennslufræðilegt gildi og leggur áherslu á þekkingu og reynslu nemandans. Efnið er ekki notað í upplýsingaviðtali eða þegar nemandinn er skráður inn í skólann þar sem beðið er um persónulegar upplýsingar, t.d. upplýsingar um heilsufar, mataræði o.s.frv.

¹ Kunskapsbedömning i skolan – praxis, begrepp, problem och möjligheter, Skolverket (2011).

² Utbildningen inom skolväsendet ska vara likvärdig inom varje skolform och inom fritidshemmet oavsett var i landet den anordnas, se 1 kap. 9 § skollagen (2010:800).

³ 1 kap. 4 § skollagen.

Markmið Stöðumatsins

Stöðumatið má ekki vera of umfangsmikið heldur skal það takmarkast við nokkur mikilvæg þekkingarsvið til þess að hægt sé að meta fljótt þekkingu nemandans. Matið á að gefa skólanum grunn til undirbúnings kennslunnar og hvernig tímanum skal skipt milli námsgreina.⁴

Nemendur af erlendum uppruna hafa mismunandi reynslu og hafa fengið kennslu eftir ólíkum námskrám. Túlkun yfirvalda menntamála er sú að upphaflega matið eigi ekki að snúast um mat á lágmarkskröfum í mismunandi námsgreinum heldur um almenna þekkingu nemandans og forsendur hans.

Mikilvæg þekkingarsvið í Stöðumatinu

Allir nemendur af erlendum uppruna hafa eitt eða fleiri tungumál og geta gegnum tungumálið sýnt þekkingu sína og sagt frá reynslu sinni. Hæfni nemandans í að lesa og skrifa ýmiss konar texta á mismunandi formi og eiga í samskiptum við aðra er mikilvæg í öllum námsgreinum. Tungumálið hefur einnig félagslegt og merkingarlegt hlutverk í náminu. Að geta nýtt sér texta í ýmsum myndum og af fjölbreyttum ástæðum er mikilvæg forsenda nemenda til að ná námsmarkmiðum grunnskólans.

Einnig er mikilvægt fyrir nemandann að geta leyst verkefni og notað rökhugsun bæði í hversdagslegum aðstæðum og í ýmsum námsgreinum.. Stöðumatið á Stigi 2 leggur því áherslu á tvö þekkingarsvið – læsi og talnaskilning. Hugtökin eru þau sömu á ensku – *literacy* og *numeracy* – og geta haft ólíka þýðingu í mismunandi samhengi.

Í Stöðumatinu er notað hugtakið *læsi* til þess að lýsa öllu sem tengist ritmáli, með áherslu á hvernig við notum ritmál í mismunandi samhengi og af ólíkum ástæðum. Fyrir utan lestur og skrift eru einnig munnlegar æfingar, s.s. upplestur og umræður um innihald texta. Gengið er út frá félagslegu og menningarlegu sjónarhorni sem leggur áherslu á hvernig tungumálið er nýtt í raunverulegu samhengi, t.d. muninn á daglegu tali og ritmáli í skóla. Litið er á lestur og skrift sem félagslega athöfn, sem fær þýðingu í ákveðnu samhengi frekar en að vera almenn færni.⁵

Í Stöðumatinu er hugtakið *talnaskilningur* notað á sama hátt og hugtakið *læsi* og gengur út á að setja stærðfræðina í skiljanlegt samhengi og færa hana nær daglegu lífi út frá félagslegu og menningarlegu sjónarhorni. Hugtakið er notað til að skoða hvernig stærðfræði nýtist í ákveðnu samhengi og hvernig hún er breytileg eftir því hvort átt er við stærðfræði í hversdagslífinu eða námsgreinina stærðfræði.

Litið er á stærðfræðinotkun í stöðumatsfyrirlögninni sem félagslega athöfn þar sem nemandinn, í samskiptum við kennarann, þarf að leysa verkefni og nýta stærðfræðilega hugsun í því samhengi. Þó að nemandinn kunni ekki nákvæmar formúlur eða reiknirit getur hann nýtt stærðfræðilega hugsun og sýnt kunnáttu sína í gegnum samskipti og þrautalausnir og þannig sýnt fram á þekkingu sína.

⁴3 kap. 12 d § skollagen.

⁵Barton (2007), Liberg (2010).

Til þess að styðja undirbúning kennslu sem mætir forsendum og þörfum fjölbreytilegs hóps býður efnið upp á spurningar og verkefni sem hægt er að nota til að meta þekkingu nemenda með ólík tungumál, lífsreynslu og bakgrunn. Þetta er sveigjanlegt efni þar sem velja má fjölda verkefna eftir aldri nemenda, þekkingu og lífsreynslu. Verkefnin í Stöðumatinu ganga út frá eftirfarandi matsviðmiðum í sænsku námsskránni:

„Skólinn ábyrgist að í lok grunnskóla geti nemendur

- ☐ notað /.../ tungumálið í ræðu og riti /.../ á skýran hátt, /.../
- ☐ nýtt sér stærðfræðilega hugsun /.../ í daglega lífinu, /.../
- ☐ leyst vandamál og fært hugmyndir í verk, /.../
- ☐ lært, rannsakað og unnið sjálfstætt og í hópi og treyst eigin getu,
- ☐ nýtt gagnrýna hugsun og tekið sjálfstæðar ákvarðanir byggðar á þekkingu /.../,
- ☐ nýtt nútímatækni til þekkingarleitar, samskipta, sköpunar og náms.⁶

Yfirmarkmið í námskrá, hluta 2, lýsa fjölda sviða sem nauðsynleg eru öllum. Þau gefa innsýn í vinnu innan skólans en eru ekki nothæf sem mat á hversu langt barnið hefur náð í þroska við ákveðin tilvik.⁷

⁶ Förordning (SKOLFS 2010:37) om läroplan för grundskolan, förskoleklassen och fritidshemmet, förordning (SKOLFS 2010:250) om läroplan för specialskolan samt för förskoleklassen och fritidshemmet i vissa fall, förordning (SKOLFS 2010:251) om läroplan för sameskolan, förskoleklassen och fritidshemmet i vissa fall samt förordning (SKOLFS 2010:255) om läroplan för grundsärskolan.

⁷ Skolverket (2012) Få syn på språket s. 9.

Hvað felst í Stöðumati á þekkingu nemenda af erlendum uppruna?

Stöðumatið er þrepamiðað kennslufræðilegt mat sem leggur grunn að ákvarðanatöku um staðsetningu nemandans í nemendahópi og gerð námsáætlaða sem eru við hæfi með tilliti til aldurs nemandans, þekkingar og persónulegra aðstæðna almennt. Stöðumatið gefur skólanum mynd af því hvaða reynslu og þekkingu nemandinn hefur.⁸ Stöðumatið gefur skólanum einnig mynd af því hvaða nemendur þurfa sérstakan stuðning við námið.

Ef skólinn kemur til móts við nemandann af áhuga, hefur til hans miklar væntingar og leyfir nemandanum að sýna þekkingu sína styrkir það sjálfstraust nemandans og eykur áhugahvöt hans.

Fyrir hvaða nemendur er Stöðumatið?

Stöðumatið er samið fyrir nemendur af erlendum uppruna sem hafa verið búsettir erlendis en eru nú að hefja skólagöngu á Íslandi. Samkvæmt sænskum lögum telst nemandi ekki lengur af erlendum uppruna eftir fjögurra ára skólagöngu í Svíþjóð.⁹ Ef þess þarf er heimilt að nota Stöðumatið fyrir nemendur sem hafa búið lengur í landinu.¹⁰

Hvenær á að leggja Stöðumatið fyrir?

Mat á þekkingu nemandans þarf að fara fram fljótlega þannig að skólastjóri geti ákveðið nemendahóp fyrir nemandann í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að tekið er á móti nemandanum í skólann.¹¹ Það er á ábyrgð skólastjórans að kennarar og annað starfsfólk þekki og fylgi framkvæmd Stöðumatsins. Skólastjórinn þarf einnig að sjá til þess að nemendum bjóðist nám á meðan á Stöðumatinu stendur.

Hvað tekur Stöðumatið langan tíma?

Stöðumatsviðtalið er áætlað að hámarki 70 mínútur með túlki. Viðtalið getur tekið mislangan tíma eftir aldri nemandans og eftir því hve kennarinn er vel að sér í efninu og hversu vanur túlkurinn er. Stöðumat á Stigi 1 er eitt viðtal og á Stigi 2 eru tvö viðtöl sem fara fram í sitt hvort skiptið. Viðtölin eru samtals þrjú og er áætlað að þau taki 3x70 mínútur.

Á hvaða tungumáli er Stöðumatið lagt fyrir?

Stöðumatið er lagt fyrir á því tungumáli sem nemandinn skilur, helst á því tungumáli sem nemandinn er sterkastur í.¹² Það getur verið móðurmál nemandans en það getur líka verið annað eða þriðja tungumálið sem nemandinn hefur lært innan eða utan heimilis. Sem dæmi getur nemandi sem hefur kúrdísku sem móðurmál hafa notað arabísku alla sína skólagöngu. Því er arabíska sterkasta skólamál nemandans og þess vegna er það heppilegra tungumál fyrir Stöðumatið en kúrdíska.

Í sumum tilvikum getur verið best fyrir nemandann að fara í gegnum mismunandi hluta í Stigi 2, Læsi og Stigi 2, Talnaskilning, á ólíkum tungumálum; það fyrra inniheldur lestur en það seinna fer fram gegnum viðtal. Þess vegna er spurt um það í Stigi 1 hvaða tungumál er best að nota á Stigi 2.

⁸ Kunskapsbedömning i skolan – praxis, begrepp, problem och möjligheter, Skolverket (2011).

⁹ En elev som påbörjat sin utbildning här senare än höstterminens start det kalenderår då eleven fyller sju år, se 3 kap. 12 a § skollagen.

¹⁰ 3 kap. 12 c § skollagen.

¹¹ 3 kap. 12 d–e §§ skollagen.

¹² Prop. 2014/15:45 s. 29

¹³

Ef ekki gengur að nýta það tungumál sem nemandinn er sterkastur í verður skólinn að velja annað tungumál sem nemandinn skilur og fara þannig í gegnum Stöðumatið, t.d. ensku. Mikilvægt er að velja tungumál í samráði við nemandann. Skrá þarf hvaða tungumál var notað í *Stöðumat einstaklings* vegna þess að það getur haft áhrif á niðurstöðu nemandans. Það er réttur nemenda af erlendum uppruna að láta meta þekkingu sína og skólinn þarf að koma til móts við hann.

Skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd Stöðumatsins. Ef ekki finnst kennari eða annað starfsfólk innan skólans sem getur lagt matið fyrir þarf að finna einhvern innan skólakerfisins sem getur aðstoðað við matið.

Hvað gerum við til þess að skilja hvert annað í viðtalinu?

Það er hlutverk túlks við Stöðumatið að þýða þannig að kennari og nemandi skilji hvor annan. Það getur verið löggiltur túlkur eða einstaklingur með tengingu við skólann sem talar bæði tungumál nemandans og íslensku, t.d. móðurmálskennari, fjöltyngdur faggreinakennari eða annar starfsmaður. Hér eftir verður hugtakið túlkur notað fyrir þetta hlutverk. Kannið áður en túlkur er bókaður hvort nemandinn og túlkurinn tala sömu mállýsku. Það er einnig mikilvægt fyrir viðtalið að hafa á hreinu hver gegnir hvaða hlutverki í viðtalinu.

Fjöltyngt starfsfólk sem túlkar

Skólastjóri ákveður hver leggur matið fyrir. Fjöltyngdir starfsmenn eru mikilvæg auðlind í fyrirlögninni. Þeir þekkja íslenska skólakerfið og geta skilið fyrri reynslu nemandans. Þessi þekking fjöltyngdra starfsmanna getur auðveldað nemandanum að segja frá fyrri reynslu.

Túlkur frá túlkaþjónustu

Skólinn getur einnig nýtt þjónustu túlks frá túlkaþjónustu. Túlkunin getur farið fram í skólanum gegnum síma eða með fjarfundabúnaði.¹³ Mikilvægt er að túlkurinn sé vel undirbúinn og hafi fengið upplýsingar um efnið fyrirfram.

Í *Upplýsingum um túlkun og túlka* eru ráðleggingar fyrir þann sem túlkar stöðumatsviðtalið, bæði fyrir löggilta túlka og aðra sem túlka.


Getur Stöðumat komið í stað annars námsmats?

Stöðumatið kemur ekki í stað annars námsmats sem gert er ráð fyrir í einstaklingsáætlun. Stöðumatið getur sýnt fram á að nemandinn þurfi sérstaka aðstoð og íhlutun í náminu. Stundum getur Stöðumatið sýnt að aukastuðningur sé ekki nægur og að greina þurfi þarfir nemandans sérstaklega. Í þessum tilfellum þarf að flýta greiningu.¹⁴

¹³ Det sistnämnda kan ske med hjälp av program som erbjuder röst- och videosamtal.

¹⁴ 3 kap. 8 § skollagen. Mer om särskilt stöd finns i Skolverkets allmänna råd (SKOLFS 2014:40) Arbete med extra anpassningar, särskilt stöd och åtgärdsprogram.

Uppbygging Stöðumatsins, innihald og framkvæmd



Stig 1. Tungumál nemandans og reynsla

Á stigi 1 er tungumálakunnátta og reynsla nemandans innan eða utan skóla metin. Gott er ef forráðamaður er með í fyrsta viðtali.¹⁵ Þá getur skólinn fengið upplýsingar um væntingar og hug nemandans og forráðamannsins til íslensks skólakerfis. Það gefur möguleika á að hefja góð samskipti við nemendur og forráðamenn varðandi samvinnu, þátttöku og virðingu.¹⁶

Stig 2. Þekking nemandans í læsi og talnaskilningi

Á stigi 2 er metin þekking nemandans á sviði læsis og talnaskilnings. Læsi fjallar um fyrri reynslu nemandans af ritmáli, innan og utan skóla. Þessi þáttur samanstendur af viðtali með verkefnum sem lýsa ritmálsnotkun í mismunandi samhengi og með mismunandi markmið, ásamt skólamiðuðum lesskilningi.

Talnaskilningurinn fjallar um getu nemandans til þess að nýta sér stærðfræðilega hugsun við þrautalausnir, ræða, gagnrýna og rökstyðja lausnir sínar. Þessi hluti samanstendur af samtali og verkefnum sem gefa yfirlit mikla mynd af getu nemandans til þess að færa rök fyrir máli sínu varðandi mismunandi spurningar.

Stig 3. Námsgreinaþekking nemandans

Stig 3 metur þekkingu nemandans í námsgreinum skólans. Stöðumatið á Stigi 3 sýnir kennaranum þekkingu nemandans í námsgreininni og styður við áætlun um áframhaldandi kennslu. Námsgreinastöðumatið getur hafist innan tveggja mánaða samhliða öðru námsmati eða verið lagt fyrir á fyrsta ári ef nemandinn er nýfluttur þegar hann byrjar í viðkomandi námsgrein. Gott er að byrja á þeirri námsgrein sem nemandi hefur sýnt áhuga á eða góða þekkingu í á Stigi 1.

¹⁵ Begreppet vårdnadshavare används i detta material även för annan person, exempelvis god man, som ansvarar för att hålla kontakt mellan eleven och skolan. En god man kan inte bidra med information om elevens bakgrund och kunskaper men kan genom att närvara vid kartläggningssamtalet i stället få information så att hon eller han får goda förutsättningar att fungera som kontaktperson mellan eleven och skolan.

¹⁶ Skolan och hemmet – exempel och forskning om lärares samarbete med elevernas vårdnadshavare, Skolverket (2014). s. 49–55.

Það er kostur ef nemandinn getur fengið að sýna þekkingu sína í mismunandi námsgreinum eins fljótt og hægt er svo að skólinn geti undirbúið kennslu í þeim greinum.

Stöðumatið er ferli

Stöðumatið er ferli sem er flokkað í mismunandi stig þar sem efni Stigs 2 byggir á Stigi 1 en efni Stigs 3 er óháð hinum stigunum. Litið er á Stig 1 sem grunn og Stig 2 sem framhald þar sem spurningar eru dýpri. Til dæmis getur komið fram á Stigi 1 að nemandinn hafi takmarkaða lestrar- og skriftargetu sem hefur áhrif á niðurstöður á Stigi 2, læsi. Einnig getur komið fram í viðtalinu á Stigi 2 að nemandinn þurfi aukinn stuðning við nám. Í sumum tilfellum gæti skólinn þurft að bæta við Stöðumatið með öðrum aðferðum eða öðru efni.¹⁷

Í Svíþjóð ber skólanum skylda til að meta þekkingu nemanda af erlendum uppruna nema fram komi að það sé algjörlega ónauðsynlegt.¹⁸ Því er mikilvægt að nemandinn og forráðamaður hans skilji tilgang Stöðumatsins og að skólinn sé sveigjanlegur í matsaðferðum..

Skólastjóri ákveður hver leggur matið fyrir

Skólastjóri ber ábyrgð á að kennarar og aðrir starfsmenn þekki til og fylgi verklagi um hvernig meta eigi þekkingu nemenda af erlendum uppruna. Það er kostur ef kennari með faggreinaþekkingu framkvæmir matið, þar sem það gefur meiri líkur á fullnægjandi mati. Skólastjóri ákveður hver framkvæmir matið og farið er eftir verkferlum svo að upplýsingar um nemandann komist til réttra aðila á skilvirkan hátt.¹⁹

Mikilvægt er að eftirfarandi aðilar leggi fyrir stöðumatið:

Stig 1

- Kennari í íslensku sem öðru máli ásamt túlki
- Deildarstjóri stoðþjónustu ásamt túlki
- Sérkennari til að meta nemendur með sérþarfir

Stig 2

Læsi

- Kennari í íslensku sem öðru máli ásamt túlki eða deildarstjóri stoðþjónustu. Í viðtalinu þarf að skilja og túlka svar nemandans og koma með réttar viðbótarspurningar þannig að nemandinn fái möguleika á að sýna þekkingu sína.
- Sérkennari til að meta nemendur með sérþarfir.

Talnaskilningur

- Æskilegt er að kennari með stærðfræðiþekkingu, ásamt túlki, leggi matið fyrir. Í viðtalinu þarf að skilja og túlka svar nemandans og koma með réttar viðbótarspurningar þannig að nemandinn fái möguleika á að sýna þekkingu sína.
- Sérkennari til að meta nemendur með sérþarfir.

¹⁷ Prop. 2014/2015:45 Utbildning för nyanlända elever – mottagande och skolgång s. 32.

¹⁸ 3 kap. 12 c § skollagen.

¹⁹ Skolinspektionen (2014). Utbildningen för nyanlända elever. Rapport 2014:03. Skolverkets (2016) allmänna råd Utbildning för nyanlända elever.

Stig 3

- Æskilegt er að faggreinakennari, ásamt túlki, leggi matið fyrir. Sá sem leggur Stöðumatið fyrir þarf faggreinabekkingu til að gera matið, geta skilið og túlkað svar nemandans og komið með réttar viðbótarspurningar þannig að nemandinn geti sýnt þekkingu sína.
- Sérkennari til að meta nemendur með sérþarfir.

Viðtalið gengur út frá forsendum og þörfum nemandans

Í Stöðumati gefst nemandanum tækifæri til að sýna styrkleika sína og hvað hann þarf að bæta. Matið er formlegt viðtal við nemanda til að finna styrkleika hans og skapa forsendur fyrir frekara nám. Nemandanum er gefið tækifæri til að segja frá reynslu sinni og sýna þekkingu sína. Stöðumatið er mismunandi fyrir nemendur í yngri og eldri árgöngum. Fyrir yngri nemendur getur viðtalið verið styttra. Eldri nemendur eru yfirleitt komnir lengra í andlegum þroska og geta þess vegna talað meira um hvernig þeir nota tungumál sitt og nám. Fyrri skólareynsla getur einnig haft áhrif á forsendur nemenda til að tala um nám sitt og þekkingu. Fyrir suma nemendur getur það verið óvenjulegt og erfitt að tala um nám sitt og endurspegla hvernig þeir læra, óháð aldri og bakgrunni.

Ekki er hægt að ganga út frá því sem vísu að eldri nemendur séu komnir langt í tungumáli og þekkingu. Proski nemandans getur hafa takmarkast við aðstæður í lífinu. Nemandi getur t.d. hafa byrjað skólagöngu í einu landi en síðan þurft að flýja og ekki gengið í skóla eða fengið kennslu í mörg ár. Nemandinn hefur þá vissa skólareynslu og þekkingu en getur verið langt á eftir jafnöldrum á einhverjum sviðum. Í slíkum tilfellum getur þurft að miða við stöðu nemandans og sleppa nokkrum spurningum eða velja einfaldari verkefni. Nemandi af erlendum uppruna getur einnig verið kominn lengra í einhverjum námsgreinum en búist er við af jafnöldrum í íslensku skólakerfi.

Nemendur með sérþarfir

Það getur þurft að aðlagja Stöðumatið þannig að það virki fyrir nemendur þar sem líkamleg, andleg eða námsleg hæfni er svo takmörkuð að það kemur í veg fyrir að nemandinn geti farið í gegnum alla fyrirlögnina. Slíkar þarfir geta komið fram strax við innritun eða á þeim tíma sem nemandinn hefur verið í skólanum. Í slíkum tilfellum getur sérkennari þurft að stýra eða taka þátt í stöðumatsviðtalinu. Sérstakt viðtalsefni fylgir Stigi 1 fyrir nemendur með sérþarfir.

Meiri upplýsingar eru í *Aðlögun fyrir nemendur með sérþarfir*

Gæti nemandinn þurft sérhæft skólaúrræði?

Stöðumatið er lagt fyrir á fyrstu tveimur mánuðunum eftir að nemandi af erlendum uppruna byrjar í skóla. Það þýðir að flestir nemendur af erlendum uppruna, án tillits til bakgrunns, reynslu og hæfni, munu fara í gegnum námsmat á grunnskólastigi. Nánari greiningu þarf ef nemandinn á að fara í sérhæft skólaúrræði vegna mikilla sérþarfa.²⁰

Skólaþjónusta hvers sveitarfélags getur veitt ráðgjöf varðandi kennslu nemenda með þroskahömlun og greiningu þeirra.

²⁰ Skolverkets allmänna råd Mottagande i grundskolan och i gymnasieskolan (SKOLFS 2013:20).

Mismunandi hlutar Stöðumatsins

Efni fyrir Stig 1

Stöðumatið á Stigi 1 inniheldur:

- Kennsluleiðbeiningar
- Viðtals- og skráningarblað
- Stöðumat einstaklings

Efni fyrir Stig 2

Stöðumatið á Stigi 2 byggir á greiningu á Stigi 1, sem er tekið saman í *Stöðumat einstaklingsins*. Þar kemur m.a. fram hvaða tungumál eru æskileg fyrir Stöðumatið á Stigi 2, ásamt því sem taka þarf tillit til. Skólinn ákveður út frá forsendum nemandans og aðstæðum á staðnum hvaða hlutar Stigs 2 eru lagðir fyrir fyrst. Þar sem Stig 2 byggir að hluta á niðurstöðum Stigs 1 getur verið gott að Stig 2 sé ekki lagt fyrir í beinu framhaldi af Stigi 1. Best er að fyrirlögnin á hvorum hluta Stigs 2 fyrir sig fari fram á mismunandi tímum þannig að nemandinn fái sem best tækifæri til að sýna þekkingu sína.

Efni í Læsi inniheldur:

- Kennsluleiðbeiningar
- Viðtals- og skráningarblað
- Verkefni með þýðingum
- Matsblað
- Myndir
- Stöðumat einstaklings

Verkefnin eru þýdd á ... (*arabísku, bosnísku, króatísku, serbókróatísku, dari, ensku, frönsku, sorani, kurmanji, pashto, pólsku, sómalísku, taílensku, tigrinja o.fl.*)

Efnið í talnaskilningi inniheldur:

- Kennsluleiðbeiningar
- Viðtals- og skráningarblað með verkefnum fyrir nemendur yngri en 9 ára
- Viðtals- og skráningarblað með verkefnum fyrir nemendur eldri en 9 ára
- Stöðumat einstaklings

Efni fyrir Stig 3

Til er Stöðumat fyrir nokkrar námsgreinar ²¹ sem fjalla um mikilvæg þekkingarsvið. Almenn inniheldur efnið:

- Kennsluleiðbeiningar
- Verkefni
- Myndir
- Skema fyrir beint áhorf
- Sniðmát fyrir samantekt af matinu í námsgreininni

²¹ För ämnena modersmål, svenska och svenska som andraspråk fungerar materialet i Steg 2 Litteracitet som ett underlag för vidare planering.

Greining og mat á þekkingu nemandans

Eftir hvert Stöðumatsviðtal tekur kennarinn saman niðurstöðurnar og greinir matið í *Stöðumat einstaklingsins*. Kennarinn skráir styrkleika nemandans og það sem þarf að bæta og metur hvernig best má mæta námsþörfum hans.

Fyrir Stig 3, eru til viðmið fyrir hverja námsgrein sem hægt er að styðjast við til að undirbúa kennslu. Fleiri upplýsingar og dæmi um útfyllt *Stöðumat einstaklings* er til í viðkomandi kennsluleiðbeiningum.

Venjur varðandi skil upplýsinga


Mikilvægt er að skólastjórar miði við ákveðinn verkferil við ákvarðanatöku þannig að ákvarðanir byggji á niðurstöðum Stigs 1 og Stigs 2, sem eru teknar saman í eitt skjal.

Upplýsingar um nemandann þurfa að koma frá þeim kennurum sem framkvæmdu Stöðumatið þannig að þeir kennarar sem sjá um kennsluna fái þær, hvort sem fyrirlögnin fer fram í skólanum eða annars staðar. Það er mjög mikilvægt að Stöðumatið sé framkvæmt á sama hátt hvort sem um er að ræða starfsmenn skólans eða aðra. Annars er hætt á að matið nýtist ekki við undirbúning kennslu.

Stöðumat sem grunnur að ákvarðanatöku um íhlutun

Stöðumatið á Stigi 1 og 2 gefur okkur fyrstu mynd af reynslu og þekkingu nemandans en efnið er takmarkað. Viðtalið fer fram þegar nemandinn er nýr í íslensku skólakerfi og þrátt fyrir að nemandinn hafi fengið að nota það tungumál sem hann er sterkastur í getur verið erfitt fyrir hann að sýna raunsanna mynd af sjálfum sér og þekkingu sinni. Stöðumatið gefur tækifæri til að meta og byggja áfram á þeirri reynslu og þekkingu sem nemandinn hefur tileinkað sér. Nemendur af erlendum uppruna eru fjölbreyttur hópur og Stöðumatið gefur skólanum grunn til að finna lausn á einstaklingsmiðuðum forsendum nemandans. Mikilvægt er að kennsla sé aðlöguð og sett í samhengi við þekkingu nemandans til að hann geti náð markmiðum hennar. Áður en skólustjóri tekur ákvörðun þurfa kennarar og annað starfsfólk að taka saman niðurstöður úr öllum upplýsingum og mati úr Stigi 1 og 2 þannig að skólustjóri hafi grunn til þess að byggja á.

Niðurstöður úr Stöðumatinu eru hluti af ákvarðanatökunni um hvaða nemendahópur er heppilegur og hvernig námsáætlun skuli háttað með tilliti til aldurs nemandans, persónulegra aðstæðna og þekkingar hans.²²



Skólustjórinn tekur ákvörðun innan tveggja mánaða

Mikilvægt er að matið gangi hratt fyrir sig þannig að skólustjórinn geti fengið grunninn eins fljótt og mögulegt er. Ákvörðun um framhaldið þarf að liggja fyrir innan tveggja mánaða frá því að nemandinn er skráður í skólann.²³ Áður en ákvörðun er tekin gæti skólustjóri þurft að ræða matið við þá kennara sem lögðu fyrir Stöðumatið til að fá innsýn í styrkleika og tækifæri nemandans og geta þannig tekið saman mat á stöðu hans. Ef nemandinn hefur fengið um það bil svipaða kennslu og íslenskur jafnaldri og hefur þekkingu sem gerir mögulegt fyrir nemandann að fylgja jafnöldrum í námi getur skólustjóri ákveðið slíkt.

Ef matið sýnir að það gæti nýst nemandanum betur, bæði félagslega og námslega, að vera í öðrum námshópi getur skólustjóri ákvarðað um slíka stöðu.²⁴

²² 3. kap. 12 e § skollagen.

²³ 3. kap. 12 e § skollagen.

²⁴ Prop. 2014/15:45 s. 34.

Sá stuðningur og íhlutun sem skólinn setur inn hefur afgerandi áhrif á árangur nemandans.²⁵

Nemendur með mjög skertan námslegan bakgrunn geta samt þróað með sér þekkingu sem er mikilvæg fyrir áframhaldandi nám. Einnig getur þroski nemandans, væntingar og áhugahvöt verið afgerandi fyrir námið.²⁶

Matið sýnir hvaða námsgreinar nemandinn ræður við og hvaða stuðning og íhlutun hann þarf. Þegar eldri nemendur byrja í skólanum er mögulegt að þeir hafi þekkingu í fleiri tungumálum en einu þó að íslenska sé ekki þar á meðal. Ef matið sýnir að nemandinn geti haft samskipti á ensku getur nemandinn tekið þátt í enskukennslu og nýtt ensku sína í námi og í samskiptum við kennara, nemendur og samfélagið í heild. Það eykur möguleika nemandans á að taka þátt í kennslu í fleiri námsgreinum.

Þegar skólastjóri ákveður að nemandi af erlendum uppruna sé settur í námshóp/bekk þýðir það oft að nemandinn hefur ekki náð því lágmarki í íslensku sem krafist er til þess að geta fylgt og nýtt sér kennsluna. Til þess að nemandinn geti tekið þátt í kennslunni á fullnægjandi hátt þarf stuðning í tungumálinu og námsefninu.²⁷ Einnig þurfa kennarar í mismunandi námsgreinum og annað starfsfólk að vinna saman. Skólastjóri getur einnig ákvarðað að nemandinn þurfi, að hluta til, að fá kennslu í undirbúningsdeild og þá í hvaða námsgreinum það gildir.²⁸

²⁵ 2 kap. 12 e § skollagen Prop. 2014/15:45 s. 32–33.

²⁶ 1 kap. 10 § skollagen.

²⁷ Axelsson 2013; Hyltenstam 2007; Norén 2013; Thomas & Collier 2002.

²⁸ 3 kap. 12 f § skollagen.

Stuðningur fyrir nemendur af erlendum uppruna

Stuðningur við einstaka nemendur fer eftir þörf þeirra.²⁹ Ákvörðun um stuðning á ekki að fara eftir skipulagi skólans og hæfni kennarans.

Undirbúningur

Skólastjóri ákveður hvar nemandinn verður staðsettur, sem getur þýtt í almennum námshópi/bekk allan daginn, eða að hluta í málveri/námsveri í kennslu í íslensku sem öðru máli. Nemandinn má ekki vera staðsettur eingöngu í málveri/námsveri.³⁰

Aðlöguð stundaskrá

Skólastjóri ber ábyrgð á að gerð sé aðlöguð námsáætlun í kjölfar Stöðumats, sem unnið er eftir fyrsta árið. Skólastjóri getur ákveðið að aðlaga stundaskrá fyrsta árið sem nemandinn er búsettur á landinu til að auðvelda íslenskunámið og nám í öðrum bóklegum greinum. Aðlöguð stundaskrá þýðir að meiri tími fer í kennslu í íslensku eða íslensku sem öðru tungumáli. Ákvörðun um aðlagaða stundaskrá má aldrei vara lengur en eitt ár.

²⁹ Í kap. 4 § skollagen anges att "i utbildningen ska hänsyn tas till barn och elevers olika behov. Barn och elever ska ges stöd och stimulans så att de utvecklas så långt som möjligt."

³⁰ 3 kap. 12 e och 12 f §§ skollagen.

Stöðumat sem grunnur að undirbúningi og kennslu

Við undirbúning náms og kennslu þarf að taka tillit til bakgrunnsþekkingar nemenda og ákveða hvaða leiðir eru bestar til að þeir nái viðeigandi hæfnivæðmiðum.

Í Stöðumatinu segir nemandinn frá þeirri þekkingu og reynslu sem hann býr yfir. Skólinn ber ábyrgð á að nýta þær upplýsingar til að undirbúa nám og kennslu hans.³²

Skipt getur sköpum fyrir velgengni nemandans í ýmsum námsgreinum að nýta þær upplýsingar sem komið hafa fram í matinu og byggja á styrkleikum nemandans. Þetta er afgerandi þáttur fyrir nemendur af erlendum uppruna hvað varðar námsþroska og að ná markmiðum í námi samkvæmt rannsóknnum.³³ Kennslan verður að byggja á þeim niðurstöðum sem Stöðumatið gefur um þekkingu nemandans og námshæfni hans. Allir kennarar bera ábyrgð á framförum nemandans í nýju tungumáli og þekkingu. Hér á eftir eru nokkur dæmi um hvernig upplýsingarnar úr Stöðumatinu nýtast og unnið er með styrkleika nemenda sem koma í ljós í niðurstöðum þess..

Stig 1. Fjöltyngi, reynsla og áhugi – Styrkleikar í námi

Margir nemendur af erlendum uppruna kunna fleiri en eitt tungumál. Það er styrkleiki fyrir nemandann að hafa þurft að læra og nota mörg tungumál þegar hann lærir íslensku. Kennarar geta nýtt sér fjöltyngi nemandans í kennslunni með því að hvetja til þess að nemandinn nýti þau tungumál sem hann kann í náminu. Upplýsingar frá Stigi 1 eru líka grunnur að undirbúningi þess hvernig fjöldi kennslustunda deilist á hinar ýmsu námsgreinar.

Lýsingu nemandans á því hvernig hann lærir, lærdómsstílnum, og hvernig hann skilgreinir sig sem nemanda er hægt að nota til að skipuleggja og undirbúa kennsluna.³⁴

Stig 2. Læsi og Stig 2. Talnaskilningur

Stöðumat á Stigi 2, læsi, getur til dæmis leitt í ljós að nemandinn eigi gott með að finna upplýsingar í texta en erfitt með að svara spurningum sem krefjast þess að hann þurfi að túlka upplýsingarnar eða ræða um efnið. Mikilvægt er að kennarar taki tillit til slíkra upplýsinga við undirbúning og skipulag kennslu. Kennslan getur þá t.d. aðallega snúist um að nemandinn fái að þróa lestrartækni sína til að geta lesið og skilið textann í mismunandi námsgreinum. Stöðumatið í talnaskilningi gefur grunn að undirbúningi í stærðfræðikennslu og sýnir þekkingu nemandans í líkindareikningi og þrautalausnum. Stöðumat getur legið til grundvallar því hvernig kennslunni skal háttað þannig að hún nýtist á sem hagnýtastan hátt í fleiri námsgreinum, eins og myndmennt, heimilisfræði og handmennt.

³¹ Prop. 2014/15:45 s. 30.

³² Bouakaz & Bunar 2015.

³³ Skolinspektionen (2014). Utbildningen för nyanlända elever. Rapport 2014:03.

³⁴ Bouakaz & Bunar 2015.

Stig 3. Námsgreinapekking nemandans

Ef nemandinn sýnir góða þekkingu í einni námsgrein eða á ákveðnu sviði innan námsgreinarinnar getur hann tekið þátt í hefðbundinni kennslu með stuðningi. Þá fær nemandinn möguleika ásamt öðrum í bekknum á að bæta þekkingu sína á sviði sem hann þekkir nú þegar. Nemandinn getur þá einnig haldið áfram að bæta þekkingu sína í námsgreininni jafnhliða tungumálanáminu.

Heimildir

- Skollagen (2010:800).
- Skolförordningen(2011:185).
- Förordning (SKOLFS 2010:37) om läroplan för grundskolan, förskoleklassen och fritidshemmet.
- Förordning (SKOLFS 2010: 250) om läroplan för specialskolan samt för förskoleklassen och fritidshemmet i vissa fall.
- Förordning (SKOLFS 2010:251) om läroplan för sameskolan, förskoleklassen och fritidshemmet i vissa fall.
- Förordning (SKOLFS 2010:255) om läroplan för grundsärskolan.
- Regeringens proposition 2014/15:45. Utbildning för nyanlända elever – mottagande och skolgång.
- Ds 2013:6. Utbildning för nyanlända elever.
- Axelsson, Monica (2015). Nyanländas möte med skolans ämnen i ett språkdidaktiskt perspektiv. I: Bunar, Nihad (red.) *Nyanlända och lärande – mottagande och inkludering*. Stockholm: Natur & Kultur.
- Barton, David (2007). Literacy: An introduction to the ecology of written language.
- Bouakaz, Laid & Bunar, Nihad (2015). Diagnos: Nyanländ! I: Bunar, Nihad (red.) *Nyanlända och lärande – mottagande och inkludering*. Stockholm: Natur & Kultur.
- Hyltenstam, Kenneth (2007). Modersmål och svenska som andraspråk. I: Skolverket: *Att läsa och skriva. Forskning och beprövad erfarenhet*. Stockholm: Skolverket.
- Liberg, Karolin (2010). *Elevers läs- och skrivutveckling. En teoretisk bakgrund*. Stockholm: Skolverket.
- Norén, Eva (2013). Tvåspråkig matematikundervisning. I: Olofsson, Mikael (red.) *Symposium 2013. Lärarrollen i svenska som andraspråk*. Stockholm: Stockholms universitets förlag.
- Skolinspektionen (2014). *Utbildningen för nyanlända elever. Rapport 2014:3*. Stockholm: Skolinspektionen.
- Skolverket (2011). *Kunskapsbedömning i skolan – praxis, begrepp, problem och möjligheter*. Stockholm: Skolverket.
- Skolverket (2012). *Få syn på språket*.
- Skolverkets allmänna råd (SKOLFS 2013:20). *Mottagande i grundsärskolan och i gymnasiesärskolan*.
- Skolverkets allmänna råd (SKOLFS 2014:40). *Arbete med extra anpassningar, särskilt stöd och åtgärdsprogram*.
- Skolverket (2013). *Grundsärskolan och gymnasiesärskolan – för nyanlända*.
- Skolverket (2014). *Stödsatser i utbildningen – om ledning och stimulans, extra anpassningar och särskilt stöd*.
- Skolverket (2014). *Skolan och hemmet – exempel och forskning om lärares samarbete med elevernas vårdnadshavare*.
- Skolverket (2014). *Grundsärskolan är till för ditt barn*.
- Skolverkets allmänna råd (SKOLFS 2016:X). *Utbildning för nyanlända elever*.
- Socialstyrelsen & Skolverket (2014). *Vägledning för elevhälsan*. Falun: Socialstyrelsen.
- Thomas, Wayne & Collier, Virginia (2002). *A National Study of School Effectiveness for Language Minority Students' Long-Term Academic Achievement*. Center for Research on Education, Diversity & Excellence (CREDE).